

Stjórn HB Granda hf.
b.t. Magnúsar M. S. Gústafssonar, stjórnarformanns
Norðurgarði 1
Borgartúni 26, 105 Reykjavík

Reykjavík, 6. október 2018

Tillaga til meðferðar á hluthafafundi 16. október 2018

Með vísan til auglýsingar um hluthafafund í HB Granda hf., dags. 16. október 2018, óskar Gildi-lífeyrissjóður, sem hluthafi í félaginu, eftir því að eftirfarandi tillaga verði tekin til meðferðar á fundinum.

Skipun fjármálafyrirtækis til þess að meta fyrirhuguð kaup HB Granda hf. á öllu hlutafé Ögurvíkur ehf. og frestun ákvörðunar til framhaldsfundar

Gerð er tillaga um að eftirfarandi bókun verði tekin til meðferðar á hluthafafundinum:

„Hluthafafundur HB Granda hf., dags. 16. október 2018, samþykkir að skipa fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hf. til þess að meta fyrirhuguð viðskipti um kaup félagsins á öllu hlutafé Ögurvíkur ehf. og skilmála þeirra. Í þessu felst að leggja fram gagnvart hluthöfum rökstutt álit á því hvort um hagfelld viðskipti sé að ræða fyrir HB Granda hf. og hvort kaupverðið sé í samræmi við það sem ætla mætti að greitt yrði í viðskiptum milli þessara aðila væru engin tengsl milli þeirra. Hluthafafundur HB Granda hf. felur stjórnendum félagsins að veita fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hf. allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru að mati fyrirtækjaráðgjafar Kviku banka hf. til þess að unnt sé að framkvæma framangreint. Hluthafafundur skal skipa þrjá fulltrúa hluthafa ótengda Útgerðarfélagi Reykjavíkur hf. til að annast nánari verklýsingu og samningsgerð vegna gerð álitsins. Skal stefnt að því að álit verði gert aðgengilegt hluthöfum eigi síðar en 29. október 2018. Ákvörðun sem fyrir liggur hluthafafundinum um staðfestingu á ákvörðun stjórnar um kaup HB Granda hf. á öllu hlutafé Ögurvíkur ehf. skal frestað til framhaldsfundar sem skal haldinn 2. nóvember 2018 klukkan 17:00 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1, 101 Reykjavík.“

Greinargerð með tillögu

Fyrir hluthafafundinum liggur tillaga um að staðfesta ákvörðun stjórnar um kaup félagsins á öllu hlutafé Ögurvíkur ehf. af Útgerðarfélagi Reykjavíkur hf. (áður Brim hf.). Liggur þannig fyrir hluthöfum að leggja mat á og taka afstöðu til þess hvort viðskiptin séu hagfelld fyrir HB Granda hf. Tillaga þessi er m.a. lögð fram í ljósi þess að aðaleigandi seljanda er forstjóri kaupanda og stærsti hluthafi hans. Markmið hennar er því að tryggja að ákvörðunartakan sé hafin yfir allan vafa.

Samkvæmt 95. gr. a. í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög þarf við þessar aðstæður að leggja fram sérfræðiskýrslu, sem samkvæmt ákvæðinu skal geyma yfirlýsingu þess efnis að samræmi sé milli greiðslu félagsins og þess endurgjalds sem félagið fær, þ.e. að verðmæti hins keypta svari a.m.k. til hins umsamda endurgjalds (sbr. 4. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 2/1995). Fyrir liggur sérfræðiskýrsla sem er m.a. þeim annmarka háð að einungis er byggt á einni tiltekinni matsaðferð án þess að horft sé til annarra þátta sem kunna að skipta máli þegar viðskiptin eru metin á heildstæðum grunni.

Matsaðferðin sem beitt er felst í mati á verðmæti skips og aflaheimilda og mati á peningalegum eignum og skuldum. Hvað varðar mat á aflaheimildum er miðað við upplýsingar um nýleg viðskipti með aflaheimildir án þess að nánar sé greint um hvers konar viðskipti hafi verið að ræða og stærðargráðu þeirra. Þá er samanburður við nýleg viðskipti aðeins ein leið af fleiri til þess að leggja mat á verðmæti hins keypta. Tekið er fram í matinu að ekki hafi verið framkvæmt sjóðstreymismat á virði félagsins og að slíkt mat kunni að gefa aðra niðurstöðu um virði aflaheimildanna en kaupverð þeirra í viðskiptum bendir til. Þá liggur ekki fyrir greining á mögulegum samlegðaráhrifum milli fyrirtækjanna. Önnur verðmöt sem vísað er til í kynningu HB Granda hf. vegna viðskiptanna, þ.e. verðmöt Íslandsbanka og Viðskiptahússins, virðast byggja á sömu matsforsendu, þ.e. á virði aflaheimilda í nýlegum viðskiptum.

Er af þessum sökum og með hliðsjón af atvikum að öðru leyti lagt til að leitað verði utanaðkomandi ráðgjafar fyrir hluthafa félagsins. Rétt er að frekari upplýsingar liggi fyrir varðandi viðskiptin og skilmála þeirra ásamt forsendum fyrir mati á virði hins selda þannig að unnt sé fyrir hluthafafund að taka viðeigandi og upplýsta ákvörðun. Lagt er til að hluthafafundur álykti að fela fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hf. að framkvæma mat á fyrirhuguðum viðskiptum um kaup félagsins á öllu hlutafé Ögurvíkur hf. og skilmála þeirra. Í þessu felst að leggja fram gagnvart hluthöfum rökstutt álit á því hvort um hagfelld viðskipti yrði að ræða fyrir HB Granda hf.

Með hagfelldum viðskiptum er m.a. átt við að lagt sé mat á það hversu vel rekstur Ögurvíkur ehf. fellur að rekstri HB Granda hf. þannig að um góðan fjárfestingarkost sé að ræða og hvort slík samþætting sé ákjósanleg fyrir HB Granda hf., m.a. byggt á upplýsingum frá stjórnendum. Í þessu samhengi væri æskilegt að HB Grandi hf. gerði opinber áætlun samlegðaráhrif vegna fyrirhugaðra kaupa félagsins á Ögurvík ehf. til að hægt sé að leggja mat á rekstrarvirði Ögurvíkur ehf. í hendi HB Granda hf. Þá er rétt að leggja mat á verðmæti Ögurvíkur ehf. á grundvelli þess verðs sem líklegt væri að greitt yrði í viðskiptum milli þessara aðila væru engin tengsl milli þeirra. Gert er ráð fyrir því að fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hf. ákvarði viðeigandi matsforsendur í þessum efnunum.


Gengið yrði frá trúnaðaryfirlýsingu gagnvart fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hf. og með þeim hætti tryggt að hægt yrði að veita aðgang að öllum þeim upplýsingum sem ráðgjafi óskar eftir. Þannig yrðu aðeins þær upplýsingar birtar sem viðeigandi eru fyrir ákvörðunartöku gagnvart hluthöfum.

Í því skyni að tryggja óhæði leitaði Gildi-lífeyrissjóður til fyrirtækjaráðgjafar Kviku banka hf., sem óháðs fjármálafyrirtækis, sem hefur fallist á að taka að sér verkefnið fyrir hönd hluthafa verði ályktunin samþykkt. Í tillögunni felst að HB Grandi hf. beri kostnað af gerð matsins. Gert er ráð fyrir því að hluthafar skipi þrjá fulltrúa hluthafa ótengda Útgerðarfélagi Reykjavíkur hf. til að annast nánari verklýsingu og samningsgerð við fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka hf.

Hluthafafundi félagsins hefur verið fært endanlegt ákvörðunarvald um viðskipti með hluti í Ögurvík ehf. og getur því, með sama hætti og stjórn félagsins, kallað til ráðgjafa til undirbúnings þeirrar ákvörðunar. Hluthafafundur getur tekið ákvörðun um sérhvert málefni sem félagið varðar og ber þá öðrum stjórnaraðilum í félaginu að fara eftir slíkum ályktunum, sbr. m.a. 80. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Þá er félaginu skylt að veita hluthafafundi (og/eða ráðgjafa hans) allar viðeigandi upplýsingar í þessu samhengi.

Reykjavík 6. október 2018

F.h. Gildis-lífeyrissjóðs



Davíð Rúdólfsson

Forstöðumaður eignastýringar og staðgengill framkvæmdastjóra